

Greinargerð um kosningar 16. maí 2026

Sveitarstjórnarkosningar

Kosið var til sveitarstjórnar í Vesturbyggð þann 16. maí 2026. Framkvæmd kosninganna gekk almennt vel fyrir sig og engin alvarleg vandamál komu upp í kosningaferlinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu atriðum í framkvæmd kosninganna.

Yfirkjörstjórn samþykkti að taka upp rafræna undirskriftalista við söfnun mælenda hjá framboðum en það var nýjung sem Landskjörstjórn kom í framkvæmd fyrir þessar kosningar á landsvísu. Rafræn skráning á frambjóðendum gekk vel hjá þeim framboðum sem nýttu sér þá leið en aðeins annað framboðið nýtti rafræna skráningu meðmælenda.

Þegar framboðsfrestur rann út þann 10.04.2026 barst aðeins eitt framboð þannig að framboðsfrestur var framlengdur um tvo sólarhringa. Annað framboð barst á framlengdum fresti þannig að kosið var milli tveggja framboða í Vesturbyggð.

Við undirbúning kosninganna kom í ljós að búið var að bóka Félagsheimilið á Patreksfirði og fleiri mögulega staði fyrir fermingarveislur þannig að kosningar fóru fram í íþróttahúsinu Bröttuhlíð á Patreksfirði en kosið var á hefðbundnum kjörstöðum á hinum stöðunum. Æskilegt væri að tryggja fastan kjörstað á Patreksfirði ef mögulegt er þannig að kjósendur geti gengið að kjörstað vísium milli kosninga. Talning kjörseðla fór fram í íþróttahúsinu á Tálknafirði að kvöldi kjördags og hófst talning kl. 21.00.

Í aðdraganda kosninga hélt yfirkjörstjórn Vesturbyggðar kynningarfundir fyrir umboðsmenn framboðanna þar sem farið var yfir framkvæmd kosninganna og hlutverk umboðsmanna. Einnig var haldinn kynningarfundur fyrir undirkjörstjórnir þar sem farið var yfir framkvæmd kosninganna, reglugerðir og útfyllingu eyðublaða.

Kosningar á kjördag gengu almennt vel fyrir sig en þó urðu einhverjar tafir á kjörstað á Patreksfirði þar sem fermt var um hádegið og mjög margir fermingargestir komu að kjósa strax eftir hádegið og þurftu að bíða eitthvað eftir að komast að til að kjósa. Ekki bárust þó formlegar kvartanir til yfirkjörstjórnar þess vegna. Yfirkjörstjórn leggur til að fjölgað verði í kjörstjórn á Patreksfirði úr þremur í fimm þannig að auðveldara verði að skipta út fólki yfir daginn og mæta álagstímum með fleira starfsfólki. Yfirkjörstjórn minnir á að kosið er samhliða sveitarstjórnarkosningum í heimastjórnir á Patreksfirði og í fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshreppi og því eru þrennar kosningar í gangi á Patreksfirði á hverjum tíma.

Opnunartími kjörstaða var auglýstur samkvæmt lögum og reglum þar um en ekki var auglýstur lokunartími heldur vísað í reglugerðir um hvenær má loka kjörstöðum. Yfirkjörstjórn bókaði eftirfarandi í gerðabók sína að loknum kjördegi:

Eftir að kjörfundi var slitið í Tálknafirði hafði einstaklingur á kjörskrá samband við formann undirkjörstjórnar í Tálknafirði og vildi fá að kjósa. Honum var tjáð að kjörfundi væri lokið í deildinni og því ekki hægt að kjósa lengur. Hann bað þá um að fá að kjósa á Patreksfirði en fékk jafnframt afsvar um það þar sem ekki er hægt að skrá einstakling út af kjörskrá þar sem kjörfundi er lokið. Viðkomandi hringdi nokkrum sinnum í formann kjörstjórnar í Tálknafirði, 2-3 í varaformann yfirkjörstjórnar og einu sinni í formann yfirkjörstjórnar en fékk sömu svör. Um kl. 20.30 mætti viðkomandi á kjörstað á Patreksfirði en þar hafði kjörfundi verið slitið kl. 20.00 og verið var að ganga

FB
G. H. H.

frá kjörgögnum. Í öllum símtölum og samtölum var viðkomandi bent á hvaða lög og reglur gilda og hvar upplýsingar um það mætti finna.

Yfirkjörstjórn leggur til að framvegis verði opnunartími samræmdur hjá öllum kjörstöðum þannig að allir staðir opni kl. 10.00. Óskað verði eftir álit Landskjörstjórnar á auglýstum lokunartíma kjörstaða þannig að hægt verði að loka á Barðaströnd, Bíldudal og Tálknafirði kl. 18.00 en lokað kl. 20.00 á Patreksfirði. Æskilegt væri að fá álit Landskjörstjórnar á hvernig beri að orða auglýsingar um opnun kjörstaða og hvort tiltaka megi lokun þeirra í auglýsingunni í stað þess að vísa í texta í lögum og reglum um tímamörk á lokun kjörstaða til að tryggja að enginn misskilningur verði við næstu kosningar.

Eftir að kjörstöðum var lokað og frágangi lokið voru kjörkassar og kjörgögn flutt í íþróttahúsið á Tálknafirði þar sem talning fór fram. Talning gekk vel þegar öll atkvæði voru komin í hús og niðurstöður lágu fyrir um kl. 01.00 eftir miðnætti. Niðurstæða kosninganna var send til allra frambjóðenda á báðum listum í gegnum Island.is um kl. 01.00 og síðan voru niðurstöður birtar á heimasíðu Vesturbyggðar í beinu framhaldi af því.

Niðurstöður kosninganna voru sem hér segir:

Á kjörskrá voru 1099. Talin voru 666 atkvæði. Kjörsókn var 60,6%.

Auðir seðlar voru 25 og ógildir 4.

N-listi Nýrrar sýnar fékk 374 atkvæði og fjóra menn kjörna.

V-listi Sterkrar Vesturbyggðar fékk 262 atkvæði og þrjá menn kjörna.

Umboðsmenn listanna gerðu ekki athugasemdir við úrslit kosninganna.

Kjörin voru í bæjarstjórn:

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (N)

Hlynur Ársælsson (V)

Rebekka Hilmarsdóttir (N)

Friðbjört Matthíasdóttir (V)

Jenný Lára Magnadóttir (N)

Egill Níelsson (V)

Gunnþórunn Bender (N)

Heimastjórnarkosningar

Samhliða sveitarstjórnarkosningum var kosið til heimastjórna í Vesturbyggð í annað skipti. Framkvæmd kosninganna gekk vel en kosningaþátttaka var ekki góð. Á kjörskrá til heimastjórna voru alls 1152 en 475 kusu eða 41,2% kjósenda. Kjósendur sem orðnir voru 16 ára á kjördag máttu kjósa til heimastjórna en kjörsókn þessa aldurshóps var heldur ekki góð. Á kjörskrá á þessum aldri voru 27 og níu kusu eða 33% kjörsókn.

FB
S.H.A.

Talning kjörseðla til heimastjórna fór fram samhliða talningu til sveitarstjórnar og gekk talningin vel. Niðurstöður kosninga til heimastjórna voru sem hér segir:

Heimastjórn Patreksfjarðar

Gunnar Sean Eggertsson, aðalmaður, 97 atkvæði

Lilja Sigurðardóttir, aðalmaður, 16 atkvæði

Edda Bára Árnadóttir, fyrsti varamaður, 5 atkvæði

Bergdís Þrastardóttir, annar varamaður, 4 atkvæði.

Á kjörskrá til heimastjórnar á Patreksfirði voru 639. Atkvæði greiddu 210.

Heimastjórn Tálknafjarðar

Jónas Snæbjörnsson, aðalmaður, 46 atkvæði

Jón Aron Benediktsson, aðalmaður, 28 atkvæði

Thelma Dögg Theódórsdóttir, fyrsti varamaður, 13 atkvæði

Nancy Rut Helgadóttir, annar varamaður, 11 atkvæði

Á kjörskrá til heimastjórnar í Tálknafirði voru 215. Atkvæði greiddu 129.

Heimastjórn Arnarfjarðar

Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, aðalmaður, 43 atkvæði

Björn Magnús Magnússon, aðalmaður, 8 atkvæði

Ásdís Snót Guðmundsdóttir, fyrsti varamaður, 4 atkvæði

Rúnar Örn Gíslason, annar varamaður, 4 atkvæði

Á kjörskrá til heimastjórnar á Bíldudal voru 243. Atkvæði greiddu 86.

Heimastjórn fyrrum Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps

Elín Eyjólfadóttir, aðalmaður, 14 atkvæði

Sandra Líf Pálsadóttir, aðalmaður, 12 atkvæði

Þórður Sveinsson, fyrsti varamaður, 4 atkvæði

Keran Stueland Ólason, annar varamaður, 2 atkvæði

Á kjörskrá á Barðaströnd og á Rauðasandi voru 76. Atkvæði greiddu 48 á Barðaströnd og 2 á Patreksfirði.

Handwritten initials:
FB
SM

Þegar ný bæjarstjórn kemur saman mun hún skipa fulltrúa bæjarstjórnar og skipa formann í hverja heimastjórn.

Yfirkjörstjórn lauk við uppröðun annarra sem fengu atkvæði í hverja heimastjórn til að röðun næsta manns sé ljós ef til breytinga á heimastjórnunum kemur.

Nauðsynlegt er að hvetja kjósendur til að taka þátt í kosningum til heimastjórna. Einnig þarf að vekja athygli á þeim verkefnum sem heimastjórnir sinna og hlutverkinu sem þær hafa í stjórnun sveitarfélagsins.

Samþykkt á fundi yfirkjörstjórnar 28.05.2026.

*Stimpur Bryman
Sigrunna Heiðarsson*